

## Starfsleyfi fyrir flugeldasýningar árin 2021 til 2025

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur mótttekið umsókn frá Björgunarfélagi Hornafjarðar dags. 27.11.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi vegna flugeldasýninga á gamlárskvöld og þrettánda

Starfsemin er starfsleyfisskyld skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annara laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

**Leyfishafi:** Björgunarfélag Hornafjarðar, kt. 640485-0439  
**Staðsetning á gamlárskvöld:** Austan Hafnarbrautar á móts við gömlu mjólkurstöðina.  
**Tímasetning:** milli kl. 20<sup>00</sup> og 21<sup>30</sup>

**Staðsetning á þrettánda:** Við Laxá í Nesjum.  
**Tímasetning milli 17<sup>00</sup> og 19<sup>00</sup>**

### 1. Gildis- og ábyrgðarsvið

- 1.1 Leyfið tekur til flugeldasýninga á áramótum árin 2021 til 2024 að báðum árum meðtöldum og á þrettándanum árin 2022 til 2025 að báðum árum meðtöldum. Leyfið veitir heimild til einnar flugeldasýningar ár hvert um áramót og einnar flugeldasýningar ár hvert á þrettándanum.
- 1.2 Leyfið er veitt með þeim skilyrðum að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum.
- 1.3 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

### 2. Skilyrði

- 2.1 Leyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands er skilyrt því að fyrir liggi endanlegt leyfi lögregluþingvalda fyrir sýningunni.
- 2.2 Skýlt er að haga allri háværrri starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.
- 2.3 Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- 2.4 Sjá skal um að skotsvæðið sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

28. desember 2021  
F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands,



Leifur Þorkelsson  
heilbrigðisfulltrúi



28. desember 2021

## Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir Björgunarfélag Hornafjarðar

Umsókn um starfsleyfi fyrir flugeldasýningar á Höfn um áramót og þrettánda barst þann 27. nóvember 2021. Umsækjandi er Björgunarfélag Hornafjarðar, kt. 640485-0439

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HAUST þann 26.11.2021, 4 vikna frestur til að skila inn athugasemdum rann því út 27.12.2021.

Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi útgefið 28.12.2021.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst,



Leifur Þorkelsson  
heilbrigðisfulltrúi

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna starfsleyfis, fylgigagna eða þessa bréfs, sem og ef ástæða þykir til að neyta andmælaréttar skv. stjórnslulögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs.